

# Naumt og margbrotið á Kjarvalsstöðum

Gagnvart þeim naumt skornu og knöppu innsetningum sem hafa átt svo mjög upp á pallborðið í myndlistinni á síðustu árum hefur lítt verið hreyft við því sjónarmiði að þar sé um að ræða andsvar gegn ofhlæði upplýsingaþjóðfélagsins; hvíld gegn sífelldu áreiti á sjónskynjunina ekki hvað síst. Listamenn nútímans séu e.t.v. sumpart í þeirri aðstöðu að þurfa að spyrja sig grundvallarspurninga um það hvað þeir komist af með í stað þess að opna allar dyr sem kalli einungis á óhöndlanlegan glundroða í ætt við súpermarkað. Frumform og frumlitir eru samkvæmt þessu ofarlega í huga margra listamanna nú um stundir, sem og einfaldir strúktúrar í líkingu við byggingar eða húsgögn. Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, sem um helgina opnaði sýningu á Kjarvalsstöðum, er meðal þeirra listamanna sem skapað hafa slík verk. Þó hefur hún jafnan leitast við að finna jafnvægi á milli skreytis og einfaldrar byggingar og svo er einnig á sýningu hennar nú.

## Jafnvægi byggingar og glingurs

Guðrún sýnir í miðrými Kjarvalsstaða sem nýtur nú góðs af vegg sem skilur á milli rýmisins og glugganna. Sum verka Guðrúnar eru þess eðlis að þau nánast hverfa inn í rýmið, virka eins og hluti af innréttingunni. Verkin eru flest hver líkust hillum. Þar eru mest áberandi tvö verk sem eru fest við vegginn, bæði með kögri á brúnum, annars vegar úr rauðu snúrukögri og hins vegar með kristalperlum. Þar kristallast hárfint jafnvægi á milli frumförsendna myndverksins: knappar og einfaldrar byggingar og þess glingurskreytis eða „kitsch“ sem kögrið er tákngervingur fyrir. Hins vegar nær þessi persónulega fléttu glingurs og meinlætis hæstu flugi í sjö luktum sem hvíla á lítlum syllum þarna andspænis. Stór-

ar sultukrúkkur hvolfast þar yfir sérkennilegar ljósaperur sem í eru litlar rauðleitar glerrósir.

Sýning Guðrúnar Hrannar vekur ýmsar væntingar og hún hefði gjarnan mátt vera stærri. Verk hennar eru að einfaldast til muna en um leið virka þau slipaðri og hið persónulega og heimilislega yfirbragð er hvorki of krefjandi né hverfandi.

## Of margbrotið

Í vestursalnum opnaði Kjartan Ólason sýningu um helgina á verkum sem eru bæði mikil um sig og margbrotin. Kjartan hefur lítt haft sig í frammi síðustu árin og því er forvitnilegt að sjá hvernig hann hefur þróað áfram málverk sitt sem einkennst hefur af samspli texta og myndar þar sem mannlíkaminn er yfirleitt í fyrirrúmi. Maðurinn er enn fyrirferðarmikill í verkum Kjartans, sem og text-

## Myndlist

### Ólafur J. Engilbertsson

inn. En margir aðrir hlutir hafa bæst við og nú er svo komið að í raun er réttara að flokka verk Kjartans sem lágmyndir en málverk. Gallinn við þennan margbreytileika er hins vegar sá að verkin missa þann kraft sem býr í mörgum málverkunum, einum og sér. Sem dæmi má nefna verk sem ber þann alvörubrunna titil: „Skylda hvers manns er að lifa af fortíð þjóðar sinnar“. Þar er ofhlæðið slíkt í margháttadri myndskipun að verkið sem heild missir marks. Betur tekst upp þar sem málverkið er einfalt og formin eru líkust framlengingu á ramma, eins og t.d. í verkinu Beygur. Víða er að finna eftirtektarverða hluti á sýningunni, eins og myndir af klettum í Órum og Án tilefnis og handbragðið er sömuleiðis athyglisvert, en hér skyldi listamaðurinn fluga að hætta

ber leik þá hæst stendur. Engin skrá er að sýningunni og hélt undirritaður að slíkt væri úr sögunni á Kjarvalsstöðum.

Að auki var opnuð um helgina sýning Frakkans Philippe Richards á 180 smáum og skrautlegum gvasmálverkum á pappír sem hann hyggst umbreyta í flöskuskeyti í maí nk. Þar er um að ræða anga þeirrar alþjóða-

hyggju í myndlist sem hefur á undanförunum árum stuðlað að auknum samskiptum þjóða á milli á myndlistarsviðinu og er hér ekki um nýtt net að ræða en veiðarfæri engu að síður.

Hrein náttúra - íslensk framtíð



# ÍSLENSK PÁTTAGERÐ

Á STÖÐ 2 OG BYLGJUNNI



19-20

**E**ngum dylst að nú er vor í íslensku þjóðlífi og sóknarfærin hafa aldrei verið fleiri. Brýnt er að halda áfram þeirri vakningu sem orðið hefur meðal þjóðarinnar á liðnum árum og halda við umræðunni um mikilvægi þess að efla það sem íslenskt er.

Að þessu sinni standa Íslenskir dagar yfir frá 19. febrúar til 1. mars. Yfirskrift þeirra er **Hrein náttúra - íslensk framtíð** en með því er vísað til mikilvægis þess að Ísland skapi sér sérstöðu meðal þjóðanna. Sú sérstaða felst ekki hvað síst í því að afurðir okkar eru hreinar og ómengaðar - beint úr náttúrunni. Dagskrárgerðarfólk Stöðvar 2 og Bylgjunnar leggur sitt af mörkum á Íslenskum dögum.



Margrét Blöndal og Þorgeir Ástvaldsson í Morgunþætti



Að hætti Sígga Hall



Visasport



Edda Andrésdóttir og Eiríkur Jónsson með Helgarfléttuna




ÍSLENSKI LISTINN

- á Bylgjunni laugardaga kl. 16 - 19


-íslenskt, já takk!





ÆXLUNARHVÖT

Æxlunarhvöt, eitt verka Kjartans Ólasonar á Kjarvalsstöðum. DV-myndir TJ



Eitt verka Guðrúnar Hrannar Ragnarsdóttur.